

Fundargerð stjórnar BÍS 13/2012.

miðvikudaginn 9. maí 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Gestir:

Arnlaugur Guðmundsson, Arnfinnur Jónsson, Áslaug Björk Björnsdóttir, Birgir Ómarsson og Jónatan Smári Svavarsson.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: 11-2012 samþykkt.
3. Fundargerðir Æskulýðsvettvangsins, Vinnuhóps Þjóðþrifa, starfsyfirlit skrifstofu, landsmóts, afmælisárs og Friðarþings lagt fram: Æskulýðsvettvanginn greinir á við formann Æskulýðsráðs og stjórn Landssambands æskulýðsfélaga (LÆF) um áherslur í þessum málaflokki og sérstaklega um stöðu og framtíð Æskulýðssjóðs. Kynnt var lokaútfærsla mótsmerkis LM-2012 og hún samþykkt.
4. Friðarþing: Arnlaugur Guðmundsson og Arnfinnur Jónsson komu á fundinn og kynntu fjárhagsáætlun Friðarþings. Samþykkt að halda áfram á þessum nótum.
5. Verkefnahópur Þjóðþrifa: Áslaug Björk Björnsdóttir, Birgir Ómarsson og Jónatan Smári Svavarsson kynntu fyrstu niðurstöður vinnuhópsins. Samþykkt að vinna áfram að þessu verkefni.
6. Fjármál BÍS: FF kynnti uppgjör fyrstu þriggja mánaða 2012. Staðan er jákvæð.
7. Vinnufundur stjórnar, forgangsröðun verkefna: Umræðu frestað.

Umræður: Skátaaðferðin, áfanga- og lokamarkmið: ÓP dreifði gögnum sem fundarmenn ætla að kynna sér fyrri næsta fund og ræða þá betur.

Fleira ekki rætt

Fundargerð ritaði JA

Fundi slitið kl. 20:00